

Sp.

358. Fyrirspurnir.

[183. mál]

I. Til menntamálaráðherra varðandi útbreiðslu sjónvarps.

Frá Jónasi Jónssyni.

Hvenær er ætlunin, að sjónvarpssendingar nái til Norðurlands austan Vaðlaheiðar? Og hvenær til allra landshluta?

II. Til menntamálaráðherra um félagsheimilaskjöld.

Frá Jónasi Árnasyni og Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða ráðstafanir eru á döfinni til lausnar þeim vandamálum, sem félagsheimili eiga við að etja vegna fjárhagsörðugleika félagsheimilaskjölds?

III. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd á lögum nr. 83/1967.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað er að fréttu af samningaviðræðum við banka eða sparisjóði, sem ákveðnar voru með bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 83/1967, um að þær stofnanir annist útborgun á bótum frá almannatryggingunum?

IV. Til menntamálaráðherra um mál heyrnleysingja.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hverjar eru fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um húsnæði fyrir Heyrnleysingjaskólann, þegar nú liggur fyrir það álit nefndar, sem menntamálaráðuneytið skipaði til að gera tillögur um heyrnleysingjakennslu, að sérskólar fyrir heyrnleysingja séu nauðsynlegir og ótvíræð nauðsyn sé á nýbyggingu fyrir heyrnskerta?
2. Ef fyrirhuguð er bygging nýs skólahúss fyrir heyrnleysingja, hvenær er þá gert ráð fyrir, að framkvæmdir hefjist, og hvenær, að þeim verði lokið?
3. Hvað hefur menntamálaráðuneytið gert, og hvað hyggst það gera til þess að bæta úr hinum alvarlega skorti sérmenntaðra heyrnleysingjakennara og annars sérmenntaðs starfsfólks á því sviði?
4. Eru fyrirhugaðar einhverjar ráðstafanir til að bæta aðstöðu heyrnardaufra unglinga til framhaldsnáms, svo sem í iðnskólum og öðrum sérskólum?

V. Til landbúnaðarráðherra um fjárframlög vegna landgræðslu sjálfboðaliða.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hve miklu fé hyggst landbúnaðarráðuneytið verja á næsta sumri til frækaupa, áburðar og annars kostnaðar vegna sjálfboðafærða til gróðurverndar og landgræðslu í afréttum, sem ungmennafélög og ýmis önnur samtök ráðgera?